

orðin: „ókeypis skv. 3. gr. reglugerðar um gjöld til utanríkisráðuneytisins“, ef undanþáguheimild gjaldgreiðslu er þar fyrir hendi.

53  
7. marz

5. gr.

Reikna skal þannig allar embættisgerðir og eftirrit, að á hverri handritaðri blaðsíðu séu að meðaltali 28 línur, en 32 bókstafir í hverri línu, og á hverri vélritaðri síðu 20 línur, en 50 bókstafir í hverri línu.

6. gr.

Gjöld þau, sem innheimt eru skv. reglugerð þessari, renna í ríkissjóð. Af gjöldum, sem ólaunaðir fulltrúar utanríkisráðuneytisins innheimta, rennur þó aðeins helmingur í ríkissjóð, en helmingur til sjálfra þeirra.

Hin sérstaka þóknun skv. 48. tölulið 1. gr. rennur óskert til starfsmannsins. Sama gildir um þóknun til ólaunaðra starfsmanna skv. 47. tölulið 1. gr.

7. gr.

Gjöldin ber að greiða í mynt hlutaðeigandi lands í samræmi við skráð gengi Landsbanka Íslands á hverjum stað. Við útreikninginn er heimilt að jafna upphæðina.

8. gr.

Færa skal í sérstaka bók öll gjöld, sem tekin eru samkvæmt reglugerð þessari, og tilgreina, samkvæmt hvaða heimild reglugerðarinnar gjaldsins hefur verið krafizt. Í lok hvers árs skal senda utanríkisráðuneytinu skrá yfir öll innheimt gjöld á árinu.

9. gr.

Nú verður ágreiningur um gjaldskyldu skv. reglugerð þessari, eða um fjárhæð, sem krafizt er, og skal þá leggja málið fyrir utanríkisráðuneytið til fullnaðarúrskurðar.

10. gr.

Reglugerð þessa skal prenta á íslenzku og ensku, og skal hún vera til sýnis á áberandi stað í skrifstofu fulltrúa.

11. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi þegar í stað.

*Utanríkisráðuneytið, 7. marz 1945.*

**Ólafur Thors.**

## AUGLÝSING

54  
10. marz

um viðauka við auglýsingu frá 10. febrúar 1945, um fyrirkomulag fiskflutninga o. fl.

Fiskimálanefnd getur hvenær sem er ákveðið hvernig fiskafla á hverju verðjöfnunarsvæði skuli ráðstafað hverju sinni til þess að heildarafli hagnýtist sem best.

Brjótí fiskeigandi fyrirmæli fiskimálanefndar um ráðstöfun á afla, getur nefndin svipt hann rétti til greiðslu úr verðjöfnunarsjóði.

Ákvæði þessi eru hér með sett samkvæmt lögum nr. 11 12. febrúar 1940 til að öðlast gildi þegar í stað og gilda fyrst um sinn þar til öðruvísi kynni að verða ákveðið.

*Atvinnumálaráðuneytið, 10. marz 1945.*

**Áki Jakobsson.**

*Gunnl. E. Briem.*